

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Flúðir, iðnaðarsvæði.

Í breytingunni felst að skilgreindar eru 3 lóðir fyrir spennistöðvar innan iðnaðar- og athafnasvæðis AT2. Breytingin samræmist aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 innan reits AT2. Engar aðrar breytingar eru gerðar á skilmálum deiliskipulagsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. janúar 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. janúar 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 14. febrúar 2023